



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 27. október 2014
Tilvísun FLE 16-2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Kristjana Benediktsdóttir

Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og ársreikninga, 12 mál.

Með tölvupósti dags. 7. október s.l. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Almenn ábending:

Ákveðins ósamræmis virðist gæta í frumvarpinu þar sem í 11. grein, sem er vegna breytinga á lögum um ársreikninga er tilgreindur ákveðinn starfsmannafjöldi vegna upplýsinga um hlutföll kynja í stjórn hlutafélaga og einkahlutafélaga, en ekki í 4. og 9. grein frumvarpsins sem er vegna breytinga á lögum um viðkomandi félagaform.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE